

Ed. 574. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

1. gr.

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af öllum bifreiðum og bifhjólum skal frá og með árinu 1983 greiða árgjald, veggjald, sem skal renna óskipt til vegagerðar. Skal gjaldið nema kr. 1.00 af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar upp að 2000 kg, kr. 0.70 fyrir hvert kg frá 2001 kg til og með 5000 kg eigin þyngdar hvernar bifreiðar og kr. 0.50 fyrir hvert kg þar umfram. Þó skal hámark veggjalds vera 7600 kr. fyrir hverja bifreið.

2. gr.

1., 2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi gjalds samkvæmt 2. gr. og þungaskatts samkvæmt a- og b-lið 5. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skulu gjöldin innheimt fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 7. gr. Gjaldskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár sem gjöldin eru greidd. Gjöldin teljast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Gjöldin skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða gjöldin að rétttri tiltölu hafi gjaldskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtu bensíngjalds, veggjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

4. gr.

10. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni allt það veggjald og allur sá þungaskattur sem gjaldfallið er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu gjaldanna.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema veggjald skv. 2. gr. eða þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um að ræða þungaskatt samkvæmt öikumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumans eða skoðunarmanns, stöðva bifreiðina hvar sem hún hittist, og taka skráningarmerki hennar til geymslu, sbr. 1. mgr.

Sé veggjald eða þungaskattur ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Veggjald, þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 40.11.20 í 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., lækki úr 40% í 20%.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1983 skal gjalddagi veggjalds vera 1. apríl og eindagi 1. maí.